

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2020  
2002047SA KB/vrb  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, mál nr. 311.

Vísað er til tölvpósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, mál nr. 311.

#### Almennt

Í þingsályktuninni er lagt til að Alþingi álykti um að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík og að eftirfarandi spurning verði borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni: „Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands-, kennslu- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar?“ Svarmöguleikar verði já eða nei.

Í greinargerð með þingsályktunartillöggunni er tekið fram að ekki ríki einhugur um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar og rakin sjónarmið um mikilvægi flugvallarins sem miðstöð innanlandsflugs og að hann gegni lykilhlutverki í sjúkra- og neyðarflugi.

#### Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga


Rétt er að taka fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki mótað áherslur er varða staðsetningu Reykjavíkurflugvallar eða tekið afstöðu til þess hvar miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera. Sambandið tekur því ekki afstöðu til þess álitaefnis í þessari umsögn en vísar þess í stað til umsagna frá einstökum sveitarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hins vegar bendir sambandið á að þann 28. nóvember sl. undirrituðu samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og borgarstjóri Reykjavíkur samkomulag sem felur í sér að hrinda í framkvæmd verkefnum og nauðsynlegum rannsóknum í samræmi við tillögur í skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan flugvallarmála á suðvesturhorni landsins. Þar segir m.a. að aðilar séu sammála um að tryggja rekstraröryggi á Reykjavíkurflugvelli meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur, þar með talið eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja í samræmi við ákvæði gildandi samgönguaðlunar Alþingis. Í samkomulaginu er miðað við að Reykjavíkurflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar. Þá lýsir Reykjavíkurborg jafnframt yfir vilja sínum til þess að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi.

Nú þegar er því í gangi fagleg vinna við að skoða framtíðarskipan flugvallarmála á suðvesturhorni landsins og að mati sambandsins er eðlilegt að leyfa henni að hafa sinn gang, þótt langvarandi óvissa um málið geti vissulega verið bagaleg.

Þá telur sambandið tilefni til að áréttu að skipulagsvaldið er einn af grundvallarþáttum stjórnarskrárvarins sjálfstjórnaréttar sveitarfélaga sbr. 78. gr. stjórnarskrár og með ákvæðum skipulagsлага nr. 123/2010 er þessi réttur nánar útfærður. Það er mjög skýrt í stefnumótun sambandsins að því ber að standa vörð um sjálfstæði, sjálfstjórnarétt og skipulagsvald sveitarfélaga og leggst sambandið því alfarið gegn því að gripið verði til aðgerða sem skerða þau réttindi.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs